

equinox

Alþingi

frétt nr. 5 117 11314

ÁRNI REYNISSON

kommandagur 12 14 1994

þjónusta við utanríkisviðskipti

Alþingi Íslendinga,
heilbrigðis- og trygginganefnd


12.4.94

Hjálagt er afrit af bréfi mínu til tryggingaráðuneytisins, dagsett í dag.

Eins og það ber með sér, háttar eins til með 63. gr. frumvarpsins og þá 62. sem aðalerindi mitt til nefndarinnar fjallar um.

Mér þætti vænt um, ef nefndin sæi sér fært að taka þennan viðauka til athugunar.

Með virðingu,



Árni Reynisson.



ÁRNI REYNISSON

þjónusta við utanríkisviðskipti

Tryggingaráðuneytið,
Reykjavík.

12.4.1994

Efni: Starfsábyrgðartrygging vegna tryggingamiðlunar.

Undirritaður, sem er að undirbúa umsókn til ráðuneytisins um leyfi til tryggingamiðlunar er jafnframt að huga að kaupum á starfsábyrgðartryggingu vegna starfans, eins og tilskilið er sbr. 81. gr. frv. til laga um váttryggingarstarfsemi.

Slíkar tryggingar fást ekki keyptar hérlandis eins og nú stendur á, og ólíklegt að svo verði fyrst um sinn. Athugun beinist því að erlendum félögum.

Samkvæmt gildandi lögum (50/1974 22 gr.) þarf leyfi ráðherra til að semja um tryggingu erlendis, sé um eign að ræða, en annars ekki. Svo virðist því ekki vera.

Samkvæmt gildandi lögum er val á löggjöf frjálst.

Samkvæmt frumvarpi til nýrra laga um váttryggingarstarfsemi (63. gr.) verður slíkur samningur ekki gerður nema eftir íslenskum lögum um váttryggingarsamninga, og þar með nær útilokað að erlendur aðili sjái sér fært að bjóða hann.

Í frumvarpinu er ekki heldur ákveðið að ráðherra geti veitt leyfi til að víkja frá ákvæðinu um val á löggjöf, án tillits til þess, hverjar ástæður kunna að koma upp.

Því óska ég staðfestingar á því, að samningur sem ég geri erlendis á næstu vikum teljist gildur samkvæmt núgildandi lögum þó hann verði á endanum dagsettur eftir að ný lög með ofangreindri viðskiptahindrun taka gildi.

Vottorð um væntanlega tryggingu verður lagt fram svo fljótt, sem verða má. Fjárhæðir miðast við verðbréfamíðlara skv. reglugerð viðskiptaráðuneytis, skv. ábendingu tryggingaæftirlits.

Til vara fer ég fram á að frumvarpið verði lagað til, þannig að fólki í aðstöðu sem þessarri verði ekki allar bjargir bannaðar í framtíðinni.

Svar óskast fljótt þar sem frumvarpið kemur til afgreiðslu á Alþingi á næstu dögum.

Með vinsemd og virðingu,


Árni Reynisson

✓ Afrit: Alþingi Íslendinga, hb. og tr. nefnd